

Nd.

229. Frumvarp

til laga um misærisskatt af tekjum.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Hver sá maður, sem hefir meiri hreinar tekjur en 2500 kr., skal gjalda misærisskatt af þeim tekjum, sem hann hefir fram yfir þá upphæð.

2. gr.

Skattskyldir menn eftir 1. gr. þessara laga skulu gjalda sem hjer segir:

Af fyrstu 500 kr. fram yfir 2500 kr. 2^oo.

Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan 3^oo.

Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan 3¹/₂^oo.

Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan 4^oo.

Síðan skal hundraðsgjaldið vaxa um ¹/₃ við hver þúsundaskifti þar til það nær 10^oo. Eftir það vex það um 2^o/_{oo} uns það nær 15^oo, en þá um 1^o/_{oo} þar til það er orðið 20^oo.

3. gr.

Hreinar tekjur teljast laun starfsmanna og tekjur af fyrirtækjum, að frádregnum kostnaði. Framfærslukostnaður heimilisins verður ekki dreginn frá.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar skattnefnd í hverri sýslu og í hverju fógetadæmi og yfirskattnefnd fyrir alt landið. Skal hún hafa aðsetur í Reykjavík. Það skiftir verkum milli nefndarmanna í öllum þessum nefndum. Enginn getur skorast undan því að vera skipaður í skattnefnd eða yfirskattnefnd. Nefndir þessar vinna launalaust og skulu vinna eið að starfi sínu.

5. gr.

Sveitarstjórnnum, bæjarstjórnnum, hreppstjórnnum og sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að láta skattnefndum í tje alla fræðslu um hag manna, sem þeim er máttugt að veita. Skal það talin embættisafglöpun, ef þessi völd tregðast við, og varða auk þess sektum frá 200—2000 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið lætur skattnefndum í tje fyrirsögn um, hversu telja skal mönnum tekjur til þess skatts, en þær birta þá fyrirsögn fyrir almenningi, hver í sínu umdæmi, krefjast þess, að meun segi til sjálfir um tekjur sínar eftir þessari fyrirsögn og leggi við drengskap sinn, eða fjárhaldsmenn og meðráðamenn ófullveðja manna.

7. gr.

Nú vanrækir maður að segja til um tekjur sínar, og skal þá skattnefnd

setja honum skatt, en kæra frá hans hendi er ónýt, nema hann sanni að gild forföll hafi valdið því, að hann sagði eigi til.

8. gr.

Telji maður tekjur sínar viss vitandi rangt, þá skal hann gjalda skattinn sjöfaldan, nema hann vilji heldur láta málið koma fyrir dómstólana. Fara skal með slík mál sem sakamál, og skal refsað fyrir sem skjalfals, ef sannast sviksamlegt framtal.

9. gr.

Skylt er bönkum, og öðrum stofnunum til fjárgeymslu, að segja skattnefndum til um eign manna í bankanum eða stofnuninni og tekjur þeirra af peningum og verðbrjefum.

10. gr.

Á skattnefndum hvílir rík þagnarskylda, en sje afbrugðið, skal það bæta 1000—5000 krónum.

11. gr.

Vinni skattnefndir verk sitt seinlega, má knýja þær til framkvæmda með dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður.

12. gr.

Skattur þessi skal krafinn í fyrsta sinn 1. nóv. 1917 af tekjum þeim, er menn höfðu frá 1. janúar 1917 til 30. júní sama ár, en næsta sinni 1. febr. 1918 af tekjum manna frá 1. júlí til 31. desember 1917, en næsta sinni 1. júlí 1918 af tekjum manna frá 1. janúar 1918 til þess tíma, og í síðasta sinn 1. janúar 1919 af tekjum manna frá 1. júlí 1918 til ársloka.

13. gr.

Fje þessu má verja til þess að jafna misæri það í verslun, sem leiðir af heimsstyrjöldinni. Verði afgangur, skal hann renna í landhelgissjóð.

14. gr.

Sá misærissskattur skal falla niður, sem eigi er fallinn í gjalddaga, þá er misærinu ljettir af.

15. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og standa til næsta þings.

Greinargerð.

Telja má það víst að landssjóði verði fjeskylft, er nú mun brátt reka að því, að hann þurfi að leggja fram fje til hjálpar öllum almenningi. Þess vegna þykir mjer rjett að sjá honum fyrir nokkrum tekjuauka. Hefi jeg leitast við að láta koma sem rjettlátast niður, en einkum er tilætlun mín að lög þessi afstýri þeim óvinafagnaði, að lengist ævi verðhækkunartollsins.